

Reykjavík, 8. Maí 2025

Til þess er málið varðar

Fjöldi kvenna með skráð lögheimili í Kópavogi sem nýta Skjólið

Skjólið er dagsetur fyrir heimilislausar konur sem búa við ótryggar aðstæður eða eru nýkomnar í búsetuúrræði eftir heimilisleysi. Skjólið opnaði 15. febrúar 2021.

Árið 2021 var Skjólið opið í 222 daga og komu 65 konur í 1213 heimsóknir. Ein kona var með lögheimili í Kópavogi en hún heimsótti Skjólið 167 sinnum eða þrjá af hverjum fjórum dögum sem Skjólið var opið.

Árið 2022 var Skjólið opið í 245 daga og komu 65 konur í 1648 heimsóknir. Þrjár konur voru með lögheimili í Kópavogi en þær heimsóttu Skjólið samtals 69 sinnum.

Árið 2023 var Skjólið opið í 240 daga og komu 69 konur í 1552 heimsóknir. Tvær konur voru með lögheimili í Kópavogi en þær heimsóttu Skjólið samtals 45 sinnum.

Árið 2024 var Skjólið opið í 219 daga og komu 63 konur í 1148 heimsóknir. Tvær konur voru með lögheimili í Kópavogi en þær heimsóttu Skjólið 64 sinnum.

Það sem er liðið af árinu 2025 hefur Skjólið verið opið í 75 daga og hafa 33 konur komið í 356 heimsóknir. Þrjár konur eru með lögheimili í Kópavogi og hafa þær heimsótt Skjólið samtals 102 sinnum.

Bestu kveðjur,

Rósa Björg Brynjarsdóttir

Umsjónarkona Skjólsins